

**Ed.**

**285. Frumvarp til laga**

**[136. mál]**

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

Á árinu 1966 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 auro verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

**2. gr.**

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1966, er verja skal til framleiðni- aukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegs- málaráðherra setur.

**3. gr.**

Á árinu 1966 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegs- málaráðherra setur.

**4. gr.**

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1965 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsráðherra.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin tvö ár hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Nam þetta framlag 43 millj. kr. á árinu 1964, en 33 millj. kr. á árinu 1965. Upphaflega var ákveðið að greiða þetta framlag með tilliti til mikilla launahækkana, er urðu hér á landi í árslok 1963, og sem talið var, að væru hraðfrystiðnaðinum með öllu ofviða eins og þá stóðu sakir. Á hinn bóginn var útlit fyrir, að miklum árangri mætti ná með endurbótum í frystihúsunum, og myndu þær endurbætur ásamt hækkandi verðlagi á útfluttum afurðum áður en langt um liði geta gert frystihúsunum kleift að standa undir þeim aukna framleiðslukostnaði, sem af launahækkunum leiddi.

Vonirnar, sem menn gerðu sér um árangur endurbóta í frystiðnaðinum og um hækkandi verðlag erlendis, hafa að fullu rætt. Í ársbyrjun 1965 tóku frystihúsin á sig að fullu 15% kauphækkunina frá 1963, þær viðbótarkauphækkunar, sem orðið höfðu á árinu 1964, og þá 6% fiskverðshækkun, sem ríkissjóður hafði greitt til bráðabirgða á árinu 1964. Á hinn bóginn var ekki talið fært, að leggja á frystihúsin til viðbótar þessu þá 5½% almennu hækkun fiskverðs, sem ákveðin var þá af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Var því með lögum nr. 34/1965, ákveðið, að framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks skyldi enn greitt á árinu 1965, og skyldi það nema 33 millj. kr.

Athuganir þær, er yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins gerði á afkomu hraðfrystihúsa í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1966, sýndu, að afkoma frystihúsanna á árunum 1964 og 1965 hafði yfirleitt verið góð, og bentu til þess, að frystihúsin myndu geta tekið á sig 5½% fiskverðshækkunina frá ársbyrjun 1965 og þær miklu kauphækkunar, sem urðu á árinu 1965. Komu hér til áhrif erlendra verðhækkana og áhrif umbóta í rekstri. Á hinn bóginn taldi yfirnefndin brýna nauðsyn bera til þess, að mjög veruleg hækkun yrði á fiskverðinu til þess að bátum á þorskveiðum væri búin eðlileg rekstrarskilyrði og sjómönnum á þeim bátum sambærileg lífskjör við aðra. Var niðurstaðan sú, að yfirnefndin samþykkti 17% hækkun á meðalfiskverði. Var samþykktin háð því skilyrði, að útflutningsgjaldi á sjávarafurðum væri breytt og framlag til framleiðniaukningar frystihúsa greitt á árinu 1966 og það jafnframt hækkað um 17 millj. kr., eða úr 33 millj. kr. í 50 millj. kr. Jafngildir þessi hækkun um 2% hækkun fiskverðsins. Ríkisstjórnin lýsti því yfir í sambandi við samþykkt yfirnefndar, að hún mundi beita sér fyrir því við Alþingi, að það framlag til framleiðniaukningar yrði greitt á árinu 1966, sem nefndin hafði gert ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til þess að inna af hendi þessa greiðslu.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því, að sú 25 aura verðuppbót á hvert kíló af línu- og handfærafiski, sem greitt var á árinu 1965, greiðist áfram á árinu 1966. Í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1966 féllust fiskkaupendur á það í fyrsta sinn að greiða hærra verð fyrir línufisk en annan fisk, eða 25 aura á kíló. Ekki er æskilegt, að greiðsla uppbótar á línufisk af hálfu ríkissjóðs falli niður undir þessum kringumstæðum, heldur komi hún til viðbótar verðhækkun fiskkaupenda og geti þannig orðið til örvarar þessari atvinnugrein, sem undanfarin ár hefur staðið höllum fæti.

Í lögum nr. 34/1965, var heimild til þess að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. á árinu 1965 til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Var heimild þessi notuð á árinu og er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir sams konar heimild á árinu 1966.

Þau framlög, sem greidd hafa verið til vinnslustöðva sjávarafurða á tveimur undanförunum árum, hafa verið takmörkuð við frystihús á árinu 1964 og við frysti-

hús og skreiðarframleiðendur á árinu 1965. Í þessu frumvarpi er lagt til, að þetta verði einnig gert á árinu 1966. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið talið rétt, að framlög þessi næðu til saltfiskframeiðslu, er fyrst og fremst sú, að verðþróun saltfisks hefur á undanförunum árum verið miklu hagstæðari en freðfisks og skreiðar, og enn fremur, að hér hefur verið um aðgerðir að ræða, sem ekki hefur verið ætlunin að stæðu nema skamma hrið. Frá árinu 1959 til ársins 1964 hækkaði meðalverð á útfluttum frystum flökum um 30%, á skreið um 14%, en á óverkuðum saltfiski um 52%. Á árinu 1965 hafa hins vegar orðið meiri verðhækkanir á frystum fiski en á saltfiski. Vantar þó enn mikið á, að verðþróun freðfisks og skreiðar hafi orðið eins hagstæð og á saltfiski.

Þær greiðslur ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi munu baka ríkissjóði útgjöld að upphæð um 80 millj. kr., sem ekki er ráð fyrir gert í fjárlögum. Framlagið til framleiðniaukningar frystihúsa og endurbóta í framleiðslu frystra afurða nemur 50 millj. kr., verðuppbætur á útflutta skreið 10 millj. kr., en verðuppbót á línufisk má áætla um 20 millj. kr. Hér er um verulegt fjárhagslegt vandamál að ræða. Ríkisstjórnin telur ekki rétt að hækka skatta í því skyni að standa straum af þessum greiðslum, og ekki telur hún heldur rétt að draga úr útgjöldum til verklegra framkvæmda þeirra vegna. Er því fyrirhugað að lækka niðurgreiðslur á vöruverði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.